



Alþingi
Erindi nr. P 139/707
komudagur 6.12.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 06.12.2010

1011010SA GB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frv. til laga um úrvinnslugjald, 185. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. Vegna mikils fjölda þingmála sem borist hafa til umsagnar reyndist ekki unnt að ganga frá endanlegri umsögn innan þess frests sem veittur var.

Frumvarpið hefur verið rætt í verkefnisstjórn um úrgangsmál, sem starfar á vettvangi sambandsins og gerir verkefnisstjórnin ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Verkefnisstjórnin telur það hins vegar umhugsunarefni að í skýringum við frumvarpið kemur fram að ástæða þess að lögð er til hækkun úrvinnslugjalds í allmörgum flokkum er eingöngu þörf á að draga úr sjóðshalla vegna þessara flokka hjá Úrvinnslusjóði. Í skýringunum er þannig engin umfjöllun um það hvort greiðslur úr Úrvinnslusjóði til sveitarfélaga standi undir raunkostnaði við meðhöndlun og förgun úrgangs. Í því sambandi telur sambandið rétt að vekja athygli á því að flutningskostnaður er útgjaldabáttur sem hefur hækkað mikið á undanförunum árum og leitt til þess að úrvinnslugjaldið stendur í einhverjum tilfellum ekki undir nema hluta kostnaðar rekstraraðila.

Rétt er að taka fram að afstaða sveitarfélaga til Úrvinnslusjóðs er almennt fremur jákvæð og hefur það verið afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga að færa ætti sjóðnum aukin verkefni frekar en að stofna sérstök skilakerfi um einstaka úrgangsflokka, eins og nú er lagt til í frumvarpi um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs (186. mál). Þannig telur verkefnisstjórnin að framleiðendaábyrgð á drykkjarvöruumbúðum og raftækjaúrgangi sé án efa best borgið hjá Úrvinnslusjóði, m.a. í ljósi þess hve landið er fámennt og dreifbýlt og því ekki forsendur til þess að vera mjög víða með mannaðar söfnunarstöðvar fyrir flokkaðan úrgang.

Að áliti verkefnisstjórnar um úrgangsmál er rík ástæða til þess að gerð verði úttekt á því hve hátt hlutfall af kostnaði sveitarfélaga er greitt af úrvinnslugjaldi og þannig fengið fram að hve miklu leyti framleiðendaábyrgðin nær til þessa úrgangs og að hve miklu leyti kostnaður við hann er greiddur af skattgreiðendum. Jafnframt teldi verkefnisstjórnin æskilegt að í slíkri úttekt yrði lagt mat á það hvernig sjóðurinn er að uppfylla lögboðið hlutverk sitt, m.a. með hliðsjón af öðrum kerfum framleiðendaábyrgðar, sem m.a. gilda um raftækjaúrgang og veiðarfæraúrgang.



Jafnframt telur verkefnisstjórnin mikið umhugsunarefni að við gerð landsáætlunar um úrgang skuli ekki fara fram endurskoðun á settum markmiðum, með tilliti til þróunar í úrgangsmálum og breyttum aðstæðum í efnahagslífi almennt. Kann því að skorta nokkuð á að sjóðnum séu sett nægilega skýr markmið í sínum störfum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs